



SELTJARNARNESBÆR



Stefna í málefnum eldri
bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Seltjarnarnes í fararbroddi til framtíðar



Staða og framtíðarsýn



- Seltjarnarnes er aldursvænt bæjarfélag sem leggur áherslu á farsæld og vellíðan eldri bæjarbúa.
- Seltjarnarnes er bæjarfélag sem stuðlar að farsælli öldrun íbúa sinna og leggur áherslu á samþætta persónubundna þjónustu. Samfélagið og bæjarfélagið vinna saman í að skapa heildarsýn á málaflokkinn.
- Eldri bæjarbúar njóti jafnréttis og sjálfstæði þeirra sé virt.
- Íbúum 60 ára og eldri hefur fjölgað og eru stækkandi hluti af heildaríbúafjölda Seltjarnarnesbæjar.
- Stefnan byggir á lögum, reglugerðum og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Áherslur í stefnunni eru í samræmi við forvarna- og lýðheilsustefnu Seltjarnarnesbæjar.
- Megin áherslur: Velferð og vellíðan, heilsuefning, geðrækt, öruggt umhverfi, skipulag, virkni og samfélagsleg ábyrgð.





Velferð og vellíðan



- Seltjarnarnesbær leggur áherslu á velferð og vellíðan eldri bæjarbúa.
- Í bæjarfélaginu er lögð áhersla á samþætta persónumiðaða þjónusta og samstarf þeirra sem koma að málaflokknum, svo sem heilsugæslu, félagsþjónustu, tómstundastarf og íþróttafélög.
- Áhersla er á líkamlega, félagslega og andlega velferð eldri bæjarbúa.
- Heilbrigðisþjónusta í heimabyggð er í samstarfi við Heilsugæsluna á Seltjarnarnesi.
- Unnið verði að samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu í samvinnu ríkis og sveitarfélags.
- Félagsþjónusta/aðstoð skal vera til staðar varðandi heimilisaðstoð, þrif- öryggisinnlit og akstur. Aðgreina skal félagsþjónustu annars vegar og aðstoð vegna þrifa hins vegar.
- Bæjarbúar geta sótt um þjónustu félagsráðgjafa hjá Seltjarnarnesbæ.





Velferð og vellíðan



- Félagsmiðstöð þar sem fjölbreytt félagsstarf og tómstundaiðkun er í boði fyrir eldra fólk. Hvetja til félagslegrar virkni til að sporna við félagslegri einangrun.
- Íbúar hafi aðgengi að hollum mat sem uppfylla almenn lýðheilsumarkmið og hægt er að neyta í félagsmiðstöð eldri bæjarbúa eða fá heimsendan.
- Persónuleg þjónusta. Mikilvægt er að huga að sjálfsákvörðunarrétti notenda.
- Hugað verði að þeim einstaklingum og nánustu aðstandendum þeirra sem hafa sérstakar þarfir, líkamlegar, andlegar og/eða félagslegar. Efla samstarf heilsugæslu, félagsþjónustu og félagsmiðstöðvar.
- Áhersla á þátttöku og samveru eldra og yngra fólks til að vinna gegn aldursfordómum.
- Samvinna við Vinnuskólann og leik,- grunn- og tónlistarskóla varðandi félagsstörf og fleira.
- Tilboð um heilsueflingu sé ávallt í boði fyrir eldri bæjarbúa.



Umhverfi, skipulag og öryggi



- Seltjarnarnesbær geri eldri bæjarbúum kleift að búa við öryggi og sem lengst í heimabyggð með því að bjóða upp á stuðning og persónulega þjónustu. Þjónustan er samráði við notendur og þeirra aðstandendur eftir því sem við á.
- Öruggt umhverfi tekur til húsnæðis – búsetumála – aðgengismála – umferðar – samgangna – gatna – göngustíga – loftgæða. Einnig að göngustígar séu vel hirtir og upplýstir og hafa setbekki með stuttu millibili.
- Hugað verður að viðhaldi og endurbótum innviða þar sem gert er ráð fyrir búsetu eða aðkomu eldri bæjarbúa.
- Hugað sé að göngustígagerð og viðhaldi þeirra sem leiða að helstu þjónustuaðilum, svo sem verslunum, félagsmiðstöð, bókasafni, heilsugæslustöð, sundlaug og íþróttahúsi.



Umhverfi, skipulag og öryggi



- Mikilvægt er að Seltjarnarnesbær sinni snjómokstri og hálfu- og byltuvörnum. Handrið séu við tröppur, stiga og halla í umhverfi. Öruggt umhverfi er hvati til aukinnar sjálfsbjargar.
- Þeir sem koma að málefnum eldri bæjarbúa, hugi að félagslegu og andlegu öryggi með tilliti til eineltis og ofbeldis. Stuðlað sé að jákvæðni og virðingu allra í samskiptum.
- Hugað verði að framtíðarsýn í húsnæðismálum eldri bæjarbúa með það að leiðarljósi að fólk geti búið sem lengst í heimabyggð.
- Nýta fjölbreyttar og notendavænar leiðir til að miðla upplýsingum sem varða málefni eldri bæjarbúa, til dæmis heimasíður, veggspjöld og fleira. Efla í því samhengi samstarf við FEBSEL, Gróttu, heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Seltjarnarneskirkju.
- Þeir sem koma að málefnum eldri bæjarbúa hugi að reglulegri fræðslu til dæmis um fjármál við starfslok, skatta, réttindi, fasteignagjöld, menningu, hreyfingu, næringu og heilsu, virkni og þátttöku, sjálfboðastarf, umönnun ættingja og samskipta kynslóðanna og fleira.



Virkni og samfélagsleg ábyrgð



- Á Seltjarnarnesi eru mörg tækifæri til samfélagsþátttöku, hér er mikið af virku fólki. Í því felast tækifæri fyrir bæjarfélagið að skapa vettvang fyrir fólk þar sem það getur nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að gefa af sér til samfélagsins.
- Virkja reynslu og þekkingu eldri bæjarbúa og hvetja þá til að halda fræðsluerindi um hugðarefni sín.
- Sjálfsefning og valdefling. Tryggja að fjölbreyttur félagsauður eldra fólks og fjölskyldna verði virkjaður til samstarfs og þátttöku.
- Framboð/val á frístundum. Hafa fjölbreytt tórstundaúrreiði útfra áhuga og getu.
- Seltjarnarnesbær er í lykilstöðu fyrir þróunarverkefni sem tengjast eldri bæjarbúum.



Virkni og samfélagsleg ábyrgð



- Fræðsla og upplýsingar séu í boði varðandi öryggismál og hugsanlegar breytingar í umhverfi, umferð, við byggingar og á landsvæðum og breytingar á þjónustu við eldri bæjarbúa.
- Hvetja til virkni og þátttöku eldri bæjarbúa í samvinnu við hin ýmsu félagasamtök á Seltjarnarnesi.
- Hvetja til sjálfboðavinnu og samvinnu stofnana og félagasamtaka á Seltjarnarnesi við eldri bæjarbúa.





Framkvæmd stefnunnar



Stofnað verði teymi í málefnum eldri bæjarbúa sem hefur það að markmiði að tryggja samvinnu milli aðila, koma stefnunni á framfæri og koma henni í framkvæmd.

Ábyrgðarmaður teymisins er starfsmaður bæjarfélagsins, til að mynda verkefnastjóri frístunda- og forvarnastarfs, og í teyminu sitja forstöðumaður frístundastarfs eldri bæjarbúa, fulltrúar frá FEBSEL, hagaðilar, fulltrúar frá heilsugæslu og aðrir sem að málefnum eldri bæjarbúa koma.



Tengsl við heimsmarkmið SP

Markmið 3. Heilsa og vellíðan

Markmið 4. Menntun fyrir alla

Markmið 5. Jafnrétti fyrir öll

Markmið 10. Aukinn jöfnuður

Markmið 11. Sjálfbærar borgir og samfélög.

Markmið 16. Friður og réttlæti.

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

